

FUNDARGERÐ

122. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 7. apríl 2009 kl. 12⁰⁰ –14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð síðasta fundar (121. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við þá fundargerð en við bókun í 1. lið 120. fundargerðar féll niður að bæta við: *Jafnframt lækki verð á hjólbörðum til endurvinnslu úr 42 kr./kg í 38 kr./kg*

2. Ársfundur

Ársreikningur liggur ekki fyrir. ÓK lagði fram drög að útreikningi um framtíðar-skuldbindingar.

Stjórnin stefnir að því að halda ársfund 19. maí n.k.

3. Aðalfundur Pro Europe á Íslandi

Pro Europe, sem eru samtök þeirra ríkja er nota Græna Punktinn til auðkenningar, munu halda ársfund sinn hér á landi í endaðan maí n.k. Úrvinnslusjóður hefur séð um skipulagningu fundarins.

4. Stofnanauppbygging umhverfisráðuneytisins

ÓK lagði fram drög að svari til umhverfisráðuneytisins vegna fyrirspurnar um stofnanauppbygging þess og mögulega hagræðingu.

Stjórnin felur ÓK að senda svar með breytingum, sem ræddar voru á fundinum.

5. Þróun tekna

Ef litið er fram hjá tekjum af ökutækjum, sem eru nokkuð óbreyttar frá árinu áður, voru tekjur í janúar og febrúar s.l. aðeins um 50% af því sem var árið áður og í mars 77%. Ólíklegt er að ætla að heildartekjusamdráttur verði minni en 20% á milli ára.

6. Endurvinnslumarkaðir

Aflað hefur verið forsendna um endurvinnslumarkaði í Þýskalandi. Farið var yfir verðþróun á þeim markaði og borið saman við verðlagningu Úrvinnslusjóðs.

Stjórnin ákveður að lækkuð verði greiðsla fyrir pappa úr 25 í 22 kr./kg. Verð endurskoðist eftir þrjá mánuði.

7. Önnur mál

Vegna forfalla varð ekki af fundi um stefnumótun Úrvinnslusjóðs, sem ákveðinn hafði verið föstud. 3. þ.m.

Ákveðið að boða á ný til fundar um stefnumótun sjóðsins þriðjudaginn 21. apríl kl. 15:00 á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut.

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 28. apríl kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs